

in, til þess að ritað verði á þau, að þau sjeu eign prestakallsins og ákvæði um að eigi megi afhenda þau. **86**
19. nóvbr.

Loks eruð þjer beðinn að sjá um, að í afsalsbrjefinu verði prestssetrinu áskilinn rjettur ókeyppis til vegar að sjó yfir hina seldu landspildu, svo og til uppsáturs þar og húsabyggingar við sjóinn eftir því sem þörf er á. Fjaran skal undanskilin í kaupinu.

Brjef stjórnarráðsins til biskups um lán handa Setbergskirkju. 87

Samkvæmt beiðni prestsins að Setbergi í Snæfellsnesprófastsdæmi, sjera 19. nóv br. Jens V. Hjaltalíns, og tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi, dagsettu 21. f. m., veitir stjórnarráðið samþykki til, að nefndur prestur megi veðbinda tekjur prestakallsins, eða svo mikinn hluta þeirra, sem þörf er á, fyrir alt að 700 kr. úr hinum almenna kirkjusjóði — í viðbót við 400 kr. eftirstöðvar af láni úr sama sjóði —, þannig að eftirstöðvum eldra lánsins sje steyppt saman við nýja lánið í eina heild, alt að 1100 kr., sem síðan ávaxtist með 4⁰/₀ og endurborgist með jöfnum árlegum greiðslum á 25 árum, en lánið hvíli á prestakallstekjunum að því leyti, sem tekjur kirkjunnar sjálfrar ekki hrökkva til, án þess að presturinn megi færa kirkjunni þetta tillag til skuldar.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef stjórnarráðsins til biskups um embættislán handa Út-skálaprestakalli. 88

19. nóvbr.

Samkvæmt beiðni prestsins að Útskálum, sjera Kristins Danielssonar, og tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi, dagsettu 19. f. m., veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki sitt til að nefndur prestur megi taka 800 kr. embættislán upp á prestakallið, með þeim skilyrðum, að lánið sje tekið með sem vægustum vaxtakjörum og að það greiðist að fullu á næstu 4 árum eftir að húsbyggingarláni því, er hvílir á prestakallinu, er að fullu lokið, en því á að ljúka á næstu 8 árum.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Auglýsing

um útvegum á girðingarefni um árið 1908.

89

5. nóvbr.

Stjórnarráðið útvegar á næsta ári, samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar, girðingarefni fyrir sýslufjelög, sveitarfjelög, búnaðarfjelög og samvinnukaupfjelög.

89 Girðingarefnið er samskonar og getur um í auglýsing stjórnarráðsins frá 5. nóvbr. 1. október 1904, sbr. reglugerð 24. maí s. á.

Frrir hvert fjelag útvegur stjórnarráðið ekki minna af hverri tegund girðingarefnisins er hjer greinir:

100 pund að gaddavír, áætlað verð	13 kr. 50 a.
100 stykki af járnteinum, 65 þml. löngum, áætlað verð	45 — 00 -
100 — — — 52 — — — —	36 — 00 -
100 — — — 42 — — — —	30 — 00 -
100 — — — 33 — — — —	23 — 75 -
100 — — — 24 — — — —	18 — 25 -
100 — vinkilbeygðum járnstólpum 65 þml. löngum, áætlað verð .	69 — 75 -
100 — af flötum — — — 43 — — — — .	38 — 50 -

Girðingarefnið verður eigi flutt á aðrar hafnir en þær, þar sem strandferðaskipin eiga að koma við, og ber í pöntununum að tilgreina, á hverja höfn það skuli senda, og hver veiti því þar móttöku. Eftir að girðingarefnið er komið á höfnina, er það í ábyrgð kaupanda. Girðingarefnið verður sent á hinar tilteknu hafnir svo snemma á næsta sumri, sem audið er. Móttakanda ber strax eftir móttöku efnisins að rannsaka vottfast, hvort hann hafi fengið alt það efni, er hann átti að fá, og ef nokkuð vantar, gera skipstjóra þegar aðvart, ef fært er, og senda stjórnarráðinu tafarlaust tilkynning um, hvað vanti.

Beiðnum um útvegum á girðingarefni skal fylgja í peningum verð þess girðingarefnis, sem beið er um, samkvæmt verðskrá þeirri, sem stendur hjer á undan. Í stað peninga má og senda ávisun fyrir upphæðinni á Landsbankann, eða Íslandsbanka, í Reykjavík, ef bankastjórnin hefir ritað á ávisunina, að upphæð hennar verði greidd stjórnarráðinu af bankanum, er stjórnarráðið krefst þess.

Beiðnir frá hreppsnefndum um útvegum á girðingarefni skulu vera undirritaðar af meðlimum hreppsnefndarinnar og á þær vera ritað samþykki sýslumanns fyrir hönd sýslunefndar. Beiðnir um sama frá sýslunefndum gefur sýslumaður út eftir ákvæðum nefndarinnar.

Beiðnum frá búnaðarfjelögum og samvinnukaupfjelögum skulu fylgja vottorð frá hlutaðeigandi sýslumanni um, að fjelagið sje búnaðarfjelag, eða samvinnukaupfjelag, og að stjórn fjelagsins hafi undirritað beiðnina til stjórnarráðsins; ber að sýna sýslumanni lög fjelagsins, ef hann krefst þess, og láta honum í tje aðrar nauðsynlegar upplýsingar, áður en hann gefur vottorð þetta út.

Beiðnir um útvegum á girðingarefni, samkvæmt framansögðu, verða að vera komnar til stjórnarráðsins í síðasta lagi fyrir 15. febrúar næstkomandi.

Í stjórnarráði Íslands, 5. nóvember 1907.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.